[sandkorn] [nrokdnas]

# ::sandkorn

Sneisafullt blað af flottu efni

Árshátíð 2002

Nemendablað Grunnskóla Sandgerðis











Grunnskólinn Sandgerði
SKÓLASAFN

Fullt af flottu efni - Nemendaviðtöl - Kennaraviðtöl
Gagnrýni - Grín - Gula pressan - Nemendaskop - Dr. Sá
Viðtal við Erp Eyvindsson - Kennaraskop - Stjörnuspá
Framtíðarspá 10.bekkjar - Leyniviðtal - Krossgáta
Fréttir - Myndir - Innsent efni - Smásögur - Gátur
Og margt, margt fleira ! !

Ritsjórapistill

Loksins, loksins, loksins er komið að árshátíðinni sem allir hafa beðið eftir. Hluti af tíunda bekknum tók sig til og fór út að borða og skellti sér svo á rúnt á limma. En við í blaðanefnd tókum okkur líka til og gerðum eitt stærsta og glæsilegasta Sandkorns blað sem komið hefur út, að okkar mati að minnsta kosti.
Að venju þá var þetta blað mest unnið af blaðanefndinni sjálfri því að fólk hefur ekki verið nógu duglegt að send inn efni og því hefur blaðanefndin nánast þurft að útbúa allt efni sjálf en þó barst okkur eitthver ljóð og brandarar en það var ekkert rosalegur fjöldi. Við vonumst til að á næsta ári takið þið krakkar í 7.,8. og 9.bekk ykkur til og sendið inn nóg af efni.
En nóg af röfli og rugli, lesið Sandkorn og skemmtið ykkur svo vel undir stjórn hljómsveitarinnar Spútnik

Kveðja Sigurpáll og Veigar



Gefið út þann 14. mars
í tilefni árshátíðar
Grunnskóla Sandgerðis

Sandkorn 2002 er gefið út af blaðanefnd nemenda Grunnskóla Sandgerðis og félagsmiðstöðvarinnar Skýjaborg. Í blaðanefnd eru Sigurpáll Árnason, Halldór Berg Harðarson, Veigar Þór Gissurarson, Katrín Pétursdóttir, Fríða Dís Guðmundsdóttir, Auður Björg Kristinsdóttir, Sólrún Mary Gunnlaugsdóttir, Sveinbjörg Anna Karlsdóttir, Sigurður Jónsson og Ásdís Elvarsdóttir. Útlit blaðsinso g forsíðu hannaði Halldór Berg Harðarson. Umsjónamanneskja blaðanefndar var Hrafnhildur Valgarðsdóttir. Við viljum skila þakkarvotti til Cartoon Network fyrir ómetanlegan stuðning við gerð þessa blaðs.

Efni blaðsins


| | |
|---|---|
| Bls. 2 | Ritstjórapistill |
| Bls. 4 | Pistill Óla Þórs |
| Bls. 5 | Brandarar |
| Bls. 6 | Dr. Sáli |
| Bls. 7 | Krossgáta og gátur |
| Bls. 8 | kennaraviðtöl |
| Bls. 9 | Kennaraskop |
| Bls. 10 | Stjörnuspá |
| Bls. 11 | Framhald stjörnuspáar |
| Bls. 12 | Svarta Sauðs Viðtal |
| Bls. 14 | Fréttasíðan |
| Bls. 15 | Nemendaskop |
| Bls. 16 | Framtíðarspá |
| Bls. 21 | Gula Pressan |
| Bls. 22 | Nemendaviðtöl |
| Bls. 24 | Viðtal við Erp |
| Bls. 25 | Kosningar 2002 |
| Bls. 26 | Támína—Smásaga |
| Bls. 27 | Vissir þú... |
| Bls. 30 | Viðtal við Árna Jónsen |
| Bls. 31 | Lokaorð |

Íþróttamiðstöðin

Sími: 423-7736

# *Opnunartími sundlaugar veturinn 2001-2002*

**Mán.-fim.** **07:00-08:30,12:00-13:00, 17:30-19:00 og 19:00-21:00** (16 ára og eldri)
**Fös.** **07:00-08:30,12:00-13:00 og 15:30-21:00**
**Lau.-sun.** **10:00-15:00**

*Hætt er að hleypa ofan í 15 mínútum fyrir lokun.*
*Eftir kl. 19:00 mán.-fim. fá yngri en 16 ára að fara ofaní í fylgd með forráðamanni.*
*Sunddeild Ksf. Reynis er með æfingar í lauginni mán.-fim. kl. 16:00-17:30.*

## Símanúmer Sandgerðisbæjar

| | |
|---|---|
| Bæjarskrifstofur | 423-7555 |
| Byggingafulltrúi | 423-7554 |
| Heilsugæslustöð | 423-7414 |
| Leikskólinn Sólborg | 423-7620 |
| Áhaldahús | 423-7515 |
| Íþróttamiðstöð | 423-7736 |
| Miðhús | 423-7949 |
| Sandgerðishöfn | 423-7477 |
| Tónlistarskólinn | 423-7695 |
| Bókasafn | 423-7999 |
| Fræðasetur | 423-7551 |
| Grunnskóli | 423-7610 |
| Samkomuhús | 423-7432 |
| Skýjaborg | 423-7307 |
| BioIce | 423-7870 |
| Íþrótta- og tómstundafulltrúi | 423-7966 |

## Skýjaborg.is

Haustið byrjaði með látum og þegar september var liðinn var búið að halda opnunardiskó, sundlaugarpartý (sem eðlilega fór ekki fram í Skýjaborg, þó svo að Fanney hafi komist nálægt því í vatnsblöðruslag við Margréti Bjarna) og Rosmhvalanesfestival.

Í október lagði nemendaráðið land undir fót og fór til Ísafjarðar á Landsmót Samfés. Bæði Veigar og Katrín fengu tilboð um atvinnumennsku í félagmiðstöðvum í Reykjavík eftir þá helgi, en höfnuðu þeim enda var haft eftir Katrínu í fréttatímanum ,,það getur enginn boðið betur en Skýjaborg". Foreldrar kvörtuðu mikið yfir því að unglingar í Sandgerði hefðu nánast ekkert sofið í lok október. Þegar var farið að rannsaka málið kom í ljós að ástæðan var ólæknandi myrkfælni eftir draugadiskótek Skýjaborgar.

,,Do re mi fa so la ti do" heyrðist óvenju oft í nóvember, enda allar silkiraddirnar í Sandgerði að undirbúa sig undir Karaokekeppni Skýjaborgar. Mesta silkið kom úr barka Ástu Rósar sem hlaut titilinn Gullna röddin. Eftir próf í nóvember var fólk komið í jólaskap og endaði Skýjaborgarárið á jólanótunum.

Eftir áramót hefur lífið í Skýjaborg snúist um söng, gleði og gaman. Ásta Rós tók með sér stóran hóp af stuðningsmönnum bæði til Grindavíkur og í Laugardalshöllina þar sem hún tók þátt í söngkeppnum. Enn í dag skilur enginn hvernig dómnefndirnar gátu sleppt því að setja Ástu í fyrsta sætið - hún var best (það sögðu a.m.k. allir Sandgerðingarnir í rútunni á leiðinni heim). Á para- og vinakvöldi voru allir flottir og rómantíkin sveif í loftinu á bleiku og bláu skýi. Ekki má gleyma að hinn geysivinsæli leiklistarklúbbur (sem enn vantar nafn) fór í gang á nýju ári og stelpuklúbburinn (sem líka vantar nafn) vaknaði úr dvala eftir nettan koss frá Hildi Rós. Nú síðast var ótrúlega fjölmennur hópur úr Skýjaborg á Samfésballinu (við söknuðum þín Fríða Dís). Strákarnir í Sandgerði voru svo öflugir fyrir framan sviðið að það þurfti að auka við öryggisgæsluna (strákar – þið verðir að hafa stjórn á ykkur þó svo að Birgitta sé á sviðinu). Og nú er komin ÁRSHÁTÍÐ!

Áður en þessum pistli lýkur verður þó að minnast á það sem er merkilegast í starfinu í Skýjaborg í vetur - www.skyjaborg.is - Meiriháttar!

Óli Þór og co. í Skýjaborg

Brandarar:

Jón bóndi var einu sinni í messu og þá sagði presturinn "þær konur sem hafa syndgað svo mikið að þær hafi átt mök við aðra konu skulu standa upp og ganga út,, Það fóru svona fimm út. Svo sagði presturinn aftur "þeir karlar sem hafa syndgað svo mikið að þeir hafi átt mök við aðra karla skulu nú standa upp og ganga út,, Jón bóndi steig upp og þá sagði presturinn" Jón hefurðu átt mök við mann,, Jón sagði" ó mér heyrðist þú segja átt mök við kind!!!!!!!!!!

Eitt sinn á bar nokkrum kom maður til barþjónsins og sagði: Ef þú setur glas í annan enda barsins og ég stend í hinum og get pissað í það, borgarðu mér þá 10.000 kall? Já, sagði barþjónnin, en ef þú drífur ekki borgar þú mér 10.000 kall. Barþjónnin setur glas í annan enda barsins og maðurinn tekur sér stöðu í hinum endanum og byrjar. Maðurinn pissar yfir allan barþjóninn og fullt af borðum en drífur ekki á glasið. Þjónnin er rennblautur en honum er sama því hann var að vinna sér inn 10.00 kall. Maðurinn borgar og brosir. Af hverju brosirðu svona maður, spyr barþjónnin. Sérðu mannin þarna? Segir maðurinn. Ég veðjaði við hann uppá 50.000 kall að ég gæti pissað yfir þig allan og þú værir samt glaður!

Það voru heilbrigð og gáfuð hjón sem bjuggu uppí sveit. Karlinn var alltaf að veiða úti meðan konan var að lesa. Einn daginn varð maðurinn svo veikur að hann þurti að sleppa því að fara út að veiða. Þá hugsaði konan með sér að fara bara á bátnum langt út á haf og lesa. Það var líka svo gott veður. Já hún gerði það. Stuttu seinna kom karlmaður og sagði við konuna "þetta er friðaður staður svo þú mátt ekki veiða hérna". Þá sagði konan á móti "ég er ekki að fara að veiða" þá sagði maðurinn "en þú hefur öll tæki og tól til þess, ég verð að kæra þig". Þá sagði konan "ef þú kærir mig þá kæri ég þig fyrir nauðgun" þá sagði kallin hissa "en ég hef ekki snert þig". Þá sagði konan "nei en þú hefur öll tæki og tól til þess".

VÖKULL
S: 423 7878

Videoleiga
og
söluturn

Opið 9-23:30 á
virkum dögum
Og frá klukkan 10-24
um helgar

...við Vitatorg

## Dr. Sáli leysir vandann

**Dr. Ásgeir Viðmundarson hefur, þrátt fyrir mikið annríki verið svo vænn að gefa sér tíma til að leiðbeina nemendum Grunnskóla Sandgerðis í þeirra mjög svo flókna tilfinningalífi. Hann er nú nýkominn til baka eftir farsælt ferðalag til Bandaríkjanna.**

*Kæri Dr. Sáli*

*Það er strákur í bekknum mínu sem ég þoli alls ekki. Hann er óþolandi. Það er eins og að hann sé alltaf að reyna að lítillækka mig sama hvað ég er að gera. Hann reynir nefnilega alltaf að gera allt miklu betur en ég. Ég geri ritgerð, hann gerir betri ritgerð en ég, ég fer í fótbolta , hann fer í fótbolta og vinnur mig, ég teikna mynd, hann teiknar miklu betri mynd. Það skiptir ekki máli hvað ég geri og hversu mikið ég vanda mig hann er alltaf á hælum mér og ef ég stend mig vel þá lendi ég undantekningarlaust í öðru sæti. Ég þoli ekki að lenda í öðru sæti!*

*Það er eins og hann hafi aðeins einn tilgang í lífinu og það er að slá mig út.*

*Ég er alveg að flippa, hvað á ég að gera?*

*Nashyrningurinn*

Kæri nashyrningur

Ekki láta þennan gaur fara í taugarnar á þér. Þú ættir ekki alltaf að vera bera þig saman við þennan náunga sem þér virðist vera næstum fullkominn. Þú skalt ekki keppa í öllu sem þú tekur þér fyrir hendur heldur einbeita þér að því að gera hlutina eins vel og þú getur, ef þú setur þig allan í eitthvert verkefni og gerir allt sem þú getur þá hlýturðu að vera hreykinn og stoltur af árangri þínum óháð því hvernig aðrir gera. Láttu það eftir þér að vera ánægður með það hvað þú gerir og það getur þú verið ef þú notar hæfileika þína til síns ýtrasta.

*Kæri Sáli*

*Ég er nemandi í 9. bekk og á við stórt vandamál að stríða. Það er strákur í 10. bekk sem eltir mig á röndum útum allt. Þetta er leiðinlegur og ljótur strákur en hann þykist vera ofsalega mikill vinur minn og eltir mig útum allt, segir alltaf hæ þótt hann þekki mig ekkert og er alltaf hangandi utan í mér og vinkonum mínum. Hann er bókstaflega að ofsækja mig. Þú getur ekki ímyndað þér hversu mikið ég skammast mín þegar hann kemur askvaðandi stundum og byrjar að tala við mig eins og bestu vinkonu sína innanum alla og vel mögulega valdandi miklum misskilningi meðal skólafélaga minna. Ég vil ekkert með hann hafa. Mér finnst ekki eins og hann sé skotinn í mér heldur sé hann að hæða mig.*

*Fröken Levíatana*

Kæra Levíatana

Það er nú greinilegt á skrifum þínum að þessi strákur hefur meira en smá skot í þér þótt það sé eins og að hann sé að reyna að gera grín að þér. Það er án efa aðeins yfirskin yfir eitthvað meira. En fyrst þú hefur engan áhuga á honum skaltu bara reyna að sneiða hjá honum og gefa það í skyn að þú viljir ekkert með hann að hafa, þetta mun líða hjá hjá honum, skot koma og fara og innan skamms þegar hann gefst upp á þér fær hann augastað á einhverri annarri.

# Gátur

Gáta 1
Ein er snót með ekkert vamm,
ærið langan hala dró,
en við hvert spor sem hún gekk fram
hennar rófa styttist þó.

Gáta 2
Ég er sköpuð augnalaus,
og að framan bogin;
lítinn ber ég heila í haus
hann er úr mér soginn

Gáta 3
Margt er smátt í vettling manns,
gettu sands, gettu sands,
en þó þú getir í allan dag
þá geturðu aldrei hans

Gáta 4
Hvað er það sem
hoppar og skoppar
yfir heljarbrú,
með mannabein í
maganum?
Og gettu þess nú. Gáta 5

Gáta 5
Hvað er það sem er minna en
mús,
hærra en hús,
dýrara en öll Danmörk ef það
fengist ekki?

Gáta 6
Hvernig er hægt að láta egg falla
einn meter án þess að það
brotni?

Svar við 1: Nálin - Svar við 2: Reykjarpípa - Svar við 3: Sandur - Svar við 4: Skipið - Svar við 5: Eldurinn - Svar við 6: Láta það falla tvo metra og það brotnar ekki á fyrsta metranum.

# Krossgáta




Lárétt:
2. Næringarefni í mjólk
4. Hátíð sem er yfirleitt haldin í mars
6. Höfuðborg í Ástralíu
7. Þeir sem nota fjöður í hárið
9. Íslensk óperusöngkona

Lóðrétt:
1. Stórt typpi í Kópavoginum
3. Kvenmannsnafn
5. Spendýr sem lifir í vatni
8. Ástarguð

# Kennaranaflaskoðun

**Nafn:** Elísabet Soffía Þórðarson
**Fæðingarár/dagur:**14. júní 1962
**Draumaprins:** Synir mínir
**Draumahús:** Kastali á Írlandi
**Draumabíll:** Volvo crosscountry
**Maki:** Ekki fæddur
**Börn:** Andrés Pétur, Ívar Bergþór og Þórður Gísli
**Uppáhaldsmatur:** Glóðaður lax
**Uppáhaldsdrykkur:** Martini með klaka
**Uppáhaldsnemandi:** Allt of margir
**Uppáhaldsbekkur:** 2.ESÞ
**Uppáhaldslag:** Lady in the red
**Uppáhaldsbíómynd:** Matrix
**Uppáhaldsfag:** Pólska
**Besti vinur:** Pétur bróðir
**Uppáhalds fótboltalið:** Ekki hugmynd
**Draumastarf:** Kennari
**Hvað værir þú ef þú værir ekki kennari:** Fréttamaður
**Sefurðu í náttfötum:** Já,silki
**Rússíbani hræðilegur eða spennandi:** Hræðilegur
**Hvar ættir þú heima ef þú byggir ekki í Sandgerði:** Í Póllandi
**Mottó:**"carpe diem" = Gríptu augnablikin
**Viltu segja eitthvað að lokum:** Sérstakar kveðjur til fermingarbarna.

**Nafn:** Jón Bergmann
**Fæðingarár/dagur:**22. Nóv 1980
**Draumaprinsessa:** Barbie
**Draumabíll:** Masda 323 ´87
**Maki:** Elísbet Rúnarsdóttir
**Uppáhaldsmatur:** Lambalæri
**Uppáhaldsdrykkur:** Kók
**Uppáhaldsnemandi:** Andrés Daníel
**Uppáhaldsbekkur:** 10. bekkur
**Uppáhaldslag:** Another brick in the wall
**Uppáhaldsbíómynd:** Monster Inc
**Uppáhaldsfag:** Stærfræði
**Besti vinur:** Atli R
**Uppáhalds fótboltalið:** Víðir, Garði
**Draumastarf:** Manntamálaráðuneyti
**Hvað værir þú ef þú værir ekki kennari:** Nemandi
**Sefurðu í náttfötum:** Nei
**Rússíbani hræðilegur eða spennandi:** Spennandi
**Mottó:** Vera mesti grallarinn í fjölskyldunni
**Viltu segja eitthvað að lokum:** Nei!

Kennaraskop!!

Pétur: Ekki segja að ég hafi sagt ykkur þetta......

Beggi: Stákar eru miklu betri í öllu!!!!

Skúli P: Ekki í öllu, stelpur eru miklu betri námsmenn...

Einar Sveinn: Ég tannbursta mig á morgnana og kem með leifarnar í skólann.

Jón Bergmann: No me gusta tu!!!!

Ragga: 'Eg er eina sem má skella hurðinni.........BANG!!!!!

Þórunn T: Og orð dagsins er......

Ágústa: Frjálst í næsta tíma (hehehe nei!!!)

Guðjón: Hey passið ykkur, ég er orðinn gangavörður líka!

Unnur: Ég hef gert, ég geri og ég mun gera.



## Stjörnuspá

*Þessi stjörnuspá er ekkert kjaftæði sem er búið að skálda heldur var þetta gert með alvöru tarotspilum. Fyrir þá sem ekki vita hvað tarot er þá eru það sérstök spáspil sem eiga sér langa sögu. Sumir halda því fram að þau eiga rætur sínar að rekja aftur til forn Egypta en aðrir telja að þau séu evrópsk.*

**Steingeitin:** Hafðu augun opin í kvöld, gamall vinur mun skjóta upp kollinum og barnæskan rifjast upp. Passaðu samt vel uppá peningana þína því að eitthver vill nálgast þá. Ljón í veginum hafa verið fjarlægð fyrir þig og hugsanlegt er að þið verðið tvær/tveir að berjast um hilli eitthverja manneskja. Þú átt von á sambandi við kraftmikla manneskju sem er gjafmild og fljót til að elska og hata. Þú getur treyst henni og leitað til hennar þegar á móti blæs, það er mikið jafnvægi á milli ykkar. Þér verða færð tíðindi eða slúður.

**Vatnsberinn:** Þú hefur verið samviskusöm/samviskusamur og rækt námið. Varastu slagsmál í kvöld því þau gætu endað með smá skurðaðgerð. Þér verða færð góð tíðindi í kvöld. Breyting verður til batnaðar og þú verður frekar heppin/heppinn. Upphaf ástar sem nærist á frjósemi og gleðistundum. Öll mál hjartans munu blómstra. Taktu vel eftir sjálfstæðu fólki sem ann tónlist og dansi.

**Fiskarnir:** Þú hefur verið vinsamleg/ur og örlát/ur og óskir munu rætast en ekki á þann veg sem þú hefur búist við. Ofvirkni, lítið úthald og áhugaleysi verður þér í hag.
Þú átt von á mikilli sorg og færð það á tilfinninguna að finnast vera einskis nýt/ur en það ætti að vera þér hvatning til að leita hamingjunnar annarstaðar. Líttu möguleika þína björtum augum. Þetta verður notalegt kvöld, njóttu þess.

**Hrúturinn:** Þú hefur nýtt peninga þína til góðs og eitthver kemur auga á dulda hæfileika þína. Þér er óhætt að segja skilið við hið liðna en fyrst og fremst skaltu fylgja hjartanu. Þú skalt leita þér að nýjum áhugamálum og athöfnum. Þú ert listrænn og býsna hugmyndarík/ur, nýttu þér það. Þú átt eftir að lifa lengi svo flýttu þér ekki of mikið.

**Nautið:** Þú ert nýbúin/nn að enda slæmt samband. Þú verður mjög hamingjusamur/söm í kvöld og ákveður að hefja nýtt samband, og líklegt er að þið verðið góðir félagar sem geta rætt allt.

**Tvíburinn:** Brautin sem þú gengur er erfið en haltu þér samt við hana. Varaðu þig á fólki í ljónsmerkinu. Þú átt eftir að skemmta þér vel í kvöld og óskir munu rætast. Þú þarft að taka mikilvæga ákvörðun og hugsaðu þig vel um. Nýir hæfileikar þróast hjá þér en það þýðir ekki að vera óheiðanlegur.

**Krabbinn:** Þú hefur sigrað fjandmenn þína en sýndu aðgát því ekki er allt sem sýnist. Þú verður beitt/ur óheiðanleika. Þú átt líka eftir að skemmta þér vel í góðra vinahópi. Dyr tækifæranna opnast og hugsaðu þig vel um. Góð tíðindi eru á leiðinni.

**Ljónið:** Þú þarft ð sýna seiglu. Varaðu þig á dökkhærðu fólki. Ný tækifæri bíða handan við hornið og ljóshært fólk kemur vel fram við þig. Ekki halda of mikið í það gamla og gerðu það sem þú þráir einlæglega. Nýttu peningana þína vel í kvöld.

**Meyjan:** Þú hefur lifað við þægindi og nú áttu von á góðu samstarfi. Þú verður samt óheppin/inn í kvöld en ef þú leggur stolt þitt til hliðar þá mun óheppnin breytast í heppni. Ný hringrás hefst sem ber vott um eyðileggingu en örvæntu ekki því héðan í frá getur ástandið ekki farið versnandi. Þú eignast góðan vin sem þú getur virkilega treyst.

**Vogin:** Þú hefur sigrast á ömurlegum atvikum og hatri en varaðu þig á fólki sem áður hefur komið illa fram við þig en vill núna vera gott við þig. Hugsaðu sjálfstætt. Þér líður illa í kvöld en þegar líður á kvöldið þá fer það batnandi. Vandamál sem upp koma munu leysast. Þegar kvöldið er á enda stendur þú uppi sem sigurvegari.

**Sporðdrekinn:** Þú hefur sýnt mikinn skilning. Þolinmæði er dyggð. Fylgstu vel með ljóshærðu fólki með blá augu. Þú þarft að standa fast á þínu og gefa ekkert eftir. Leyndarmál verður brátt upplýst en þegar líða fer á kvöldið þá skaltu hafa það í huga að ekkert fær skaðað þig! Taktu áhættu!!

**Bogamaðurinn:** Upphaf á eitthverju nýju og óstöðvandi hreyfing er farin af stað. Þú skalt passa þig á fólki með dökk augu. Í kvöld skaltu hugsa um andstæðu þína því oft laðast andstæður hvor að annarri. Ekki óttast nýja reynslu því hún gerir þig að betri og sterkari mannesk

BLIKKSMIÐJAN
BK
Blikk

Öll almenn blikksmíði
S: 4237880
Strandgata 22

Svörtu sauðirnir teknir á teppið

**Núna nýverið hafa nokkrir strákar úr 8.-10. Bekk verið að stæla Jakcassþættina sem sýndir eru á MTV. Þeir hafa sýnt þættina uppi í Skýjaborg við mikinn fögnuð. Okkur tókst að ná viðtali við þá félaga eftir mikið umstang en áður höfðum við talað við umboðsmann þeirra en fengið neitun og það skipti engu máli frá hvaða blaði við sögðumst vera, Time, People og fleiri en náðum loks í gegnum umboðsmanninn með því að segjast vera frá Sandkorni. Hér birtum við því viðtalið sem við áttum við þá félaga.**

*Hverjir eru meðlimir Svarta sauðarins?:*
Við erum um 100 talsins en það eru bara 7 sýnilegir, þeir eru Andrés, Bolli, Helgi, Finnbjörn, Gaui, Gísli og Villi.
*Hver fann uppá þessu?*
Þetta kom bara eins og hugljómun. Nei við höfðum ekkert að gera svo að við ákváðum að gera eitthvað fyrir fólkið í skólanum, gefa þjóðfélaginu eitthvað til baka.
*Hafiði einhverja fyrirmynd?*
Já Jakcass-gaurana.
*Eruði með grúppíur?*
Já það er allt morandi í þeim. Gísli er formaður og svo er Sigmar aðalmaðurinn í þessu.
*Afhverju látiði Gísla gera allt?*
Við erum að uppræta kynþáttafordóma í samfélaginu svo býðst hann oftast til þess.
*Hvað segir mamma Gaua og Bolla þegar þið eruð að taka upp heima hjá henni?*
Hún hefur sko klikkast. Eins og þegar Bollli setti smokk í nefið á sér þá varð hún sko klikkuð og fór að öskra að hann gæti kafnað.
*Hvernig skilgreiniði sjálfa ykkur?*
Graða svarta sauði með húmor í lagi.
*Hver er hetjan ykkar?*
Steve-O og W-man.
*Hafiði lent í einhverju neyðarlegu?*
Jú það sást einu sinni óvart í tippið á Gísla. Mamma hans Helga kom að okkur þegar við vorum að skjóta í rúðuna hjá Gísla og Bolli fór alveg í skít.
*Sá einhver ykkur þegar þið voruð í körfubolta bara á nærbuxunum?*
Já það var kona sem bara starði á okkur og hélt örugglega að við værum eitthvað klikkaðir.
*Hverjum er allt þetta að þakka?*
Helga Rafni, mömmu og pabba, Jakcass og Guði.
*Hvað finnst foreldrum ykkar um að þið séuð að gera þetta?*
Þeim líst ekkert alltof vel á þetta, þetta tefur svolítið fyrir lærdómnum.
*Hvenær er næsti þáttur og verða fleiri?*
Næsti þáttur er í býgerð og þið eigið von á mörgum í viðbót.
*Viljiði segja eitthvað að lokum?*
Við erum allir með tippi og einn með brjóst.

# TROS

## Vinnsla og útflutningur á ferskum sjávarafurðum



Ýsa var það heillin!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Latneska**: | Melanogrammus Aeglefinus | **Franska**: | Eglefin | **Danska**: | Kuller, hvilling |
| **íslenska**: | Ýsa | **Ítalska**: | Asinello | **Norskan**: | Hyse |
| **Þýska**: | Schellfish | **Spænska**: | Eglefino | **Sænska**: | kolje |

"Ýsa var það, heillin!", er máltæki sem við flest þekkjum. Ýsan er okkar uppáhaldsfiskur í Tros enda er vinnslan okkar sérhæfð í vinnslu á ýsuflökum. Sterk hefð er fyrir ýsuneyslu í Bandaríkjunum, þá á Boston svæðinu. Mikið er flutt út af flökum til Bandaríkjanna, beinlaus með roði. Ýsan er þá afhreistruð í vél, sem skrapar hreistrið af ýsunni, síðan er ýsan handflökuð og um leið er beingarðurinn fjarlægður. Með þessu fæst mjög fljót vinnsla þar sem snyrting er í lágmarki. Aukning hefur verið í roðlausri og beinlausri ýsu á Bandaríkin. Einnig er flutt til Englands ýsuflök sem eru roðlaus og beinlaus, þar er sterk hefð fyrir ýsuneyslu. Hluti af þeirri ýsu sem við sendum til Englands er send í reykingu. Reykingin er reyndar aðeins öðruvísi en við erum vön hérlendis, munurinn felst í skærgulum lit og minni reykingu.

# FRÉTTASÍÐAN

## Ýmislegt:

Það er margt búið að gerast í vetur uppí Skýjaborg, sbr. Para og Vina kvöldið o.m. fl. Félagslífið er búið að vera með meira móti og einnig íþróttalífið. Einna mest áberandi nýliðin á því sviði er hinni mikli áhugi meðal Sandgerðiískra ungmennta á sjálfsvarnaríþróttinni Tarkwando og vakti mikla athygli þegar Nökkvi Taekwondo maður sigraði titilinn Íþrótttamaður Sandgerðis. Tónlistarlífið er búið að vera upp og niður en þess ber að geta að fyrrverandi nemenda í Grunnskóla Sandgerðis, Óttar G. Birgirson er í hljómsveitinni Gizmo, þeirri sem sigraði fyrsta tilraunakvöldið í músiktilraunum Tónabæjar, úrslitakvöldið verðu 22. mars og verður spennandi að sjá hvernig fer. Já og svo í sambandi við 22. mars þá munu ef til vill einhverjir nemendur úr Grunnskóla Sandgerðis halda útvarpsþátt það kvöld klukkan 8 á rás 2 í útvarp Samfés. Endilega að fylgjast með því líka.

## SÖNGVAKEPPNI SAMFÉS

Ég er hérna nýkomin af söngvakeppninni þegar þetta er skrifað og held ég að óhætt sé að segja að maður sé ennþá í sjöundahimni. Enda er varla hægt að segja að atburðirnir verði nokkuð betri. Við lögðum að stað klukkan kortér í eitt í dag (laugardag 26/1 02) og vorum komin á staðin um tvöleitið í lagrdalshöllina. Þessi atburður sem byrjaði á Hóteli Íslandi fyrir nokkrum árum og hefur síðan sífellt verið að stækka og er nú orðin svo stór að það hvorki meira né minna en stærsta fáanlega húsið á Íslandi, Laugardalshöllina, og dugir hún þó varla. Um klukkan þrjú komu kynnarnir tveir fram á sviðið, evróvisionfarinn hann Kristján úr Spútnik og Íris sem hingað til hefur verið þekkt sem söngkonan í Buttercup en er það þó ekki lengur víst, og keppnin byrjaði. Og þá kom á daginn alveg glæsileg hátíð fyrir eyrað. Það er víst að allir keppendur stóðu sig frábærlega og stemming hjá þessum 2500 manns sem voru í höllinni var alveg með ólíkindum og tímin gjörsamlega flaug. Sú tólfta í röðinni var okkar fulltrúi hún Ásta Rós og með henni til halds og trausts voru að syngja bakraddir þær Lísa, Astrid og María Rán. Með sanni er það hægt að segja að þær hafi staðið sig með prýði þegar Ásta söng Falling... Hægt er að nálgast óhemju magn mynda frá þeim hér fyrir neðan og líka bara öllum atburðnum. Í heildinna urðu keppendur eitthvað yfir 40 og lauk síðasta atriðinu einhvern tíman um sjöleitið. Þá þurfti dómnefnd að setjast á rökstóla, bera saman bækur sína og ákveðna hver yrði þess heiðurs aðnjótandi að hafa sigrað. Á meðan hlustuðum við á sigurvegara keppninar síðan í fyrra syngja og Lalla feita uppistandara, fyndnasta mann Íslands 2000 láta gammin geisa. Að því loknu kom dómnefndin fram en í henni var Hreimur úr landi og sonum, Birgitta úr Írafári, SIgursteinn úr Útrás og sigurvegari söngvakeppni Samféss þar síðast. Og úrslitin urðu svo, í þriðja sætið varð einhver stelpa úr Garðalundi, Garðabæ, í öðru sæti varð einhver stelpa úr setrinu, HAfnarfirði og í fyrsta sæti varð strákur! sem heitir Pétur úr félagsmiðstöðinni Miðberg og rappaði hann frumsamið lag eftir hljómsveitina sína Egors. EFtir það var náttúrulega haldið heim á leið eftir órúlega skemmtilegan dag.



Skýjaborg

## SAMFÉS BALLID

Á föstudaginn 9. mars síðastliðinn héldum við í Skýjaborg með rútu til Hafnafjarðar í þeim tilgangi að taka þátt í Samfés ballinu víðfræga sem að þessu sinni var haldið í Kaplakrika. Það er óhætt að segja það að sjaldan höfum við upplifað áður þvílíka skemmtu eins og þá sem var þetta umrædda kvöld í Hafnafirði. Allar vinsælustu og skmmtilegustu hljómsveitir landsins voru mætt á staðin og rokkuðu frá klukka 19—00:15 og var fólk orðið dauðuppgefið á endanum.

## Nemendaskop

**Dirc:** Haddi hætt´su!
**Hrefna:** Ég ætla kannski að æfa box.....ef Valgeir æfir ekki
**Pétur Þór:** Þetta er fatlað!!
**Nensý:** Magga, þú ert alltaf að ýkja!!
**Magga:** HAHAHAHAHAHAAA!!!!!!
**Helgi Þór:** Afhverju, afhverju??
**Hildur Ársæls:** Ég ætla að lesa Biblíuna og ef ég trúi ekki því sem stendur í henni þá ætla ég ekki að fermast.
**Andrés Magnús:** Hún Ágústa...bla..bla..blabla..bla....bla
**Ari:** Ég er ekkert smá sviðshræddur..en ég er gegt góður í Tae Kwon Do.
**Kristín Mjöll:** Þvílík móðgun!!!
**Bragi Snær:** Wwwwzzzzup Veigar??!!...
**Margrét:** Ég endurtek sama hlutinn aldrei oftar en 20 sinnum.....
**Elí Jón:** Spassi..!!
**Fríða María:** Haddi!! Ég slít hann undan þér ef þú hættir þessu ekki!!
**Bolli:** Jónas er mín fyrirmynd!!
**Ari Viktor:** Svona stelpur!! Svona er fyrsta högg.
**Kamilla:** Heví flott maður!!
**Finnbjörn:** Ef það er eitthvað bilað komiði þá til mín.
**Jón Stefán:** Þorbjörg þolir mig ekki og ég þoli hana ekki heldur.
**Hildur Mekkín:** Nau maður!!
**Katrín Mist:** Grænn er uppáhaldsliturinn minn (helst ef hann er myglugrænn).
**Konni:** Ég fæ örugglega svona 200- 300 þús kall í fermingargjöf maður!!
**Lovísa:** Ég fer ekki nema að Fríða fari líka!!



**Albert Gissurarson:** Eftir margar misheppnaðar tilraunir í viðgerðum á framtönnunum eftir að hafa dottið eftirminnilega á feisið í fyrrasumar þá heppnast það loksins og Alberti verður boðin vinna við tannkremsauglýsingar. Eitt sinn þegar hann er í miðjum fyrirsætustörfum þá labbar þessi hörkupía inn og Albert sem trúir á ást við fyrstu sýn fellur kylliflatur fyrir henni. Þau giftast og eignast börn og buru undir stórri furu í orðsins fyllstu merkingu því forfeður hennar hafa alltaf gert þetta svo hún má ekki rjúfa hefðina. Þetta gengur allt að óskum og þau eignast 3 börn og skíra þau öll trjánöfnum.

**Andrés Daníel Kristjánsson:** Strax að loknum grunnskóla þá býðst honum starf sem danskennari á Ibiza eftir að ung senjóríta frá Madrid rekst á hann á Hverfisgötunni. Hann tekur fyrsta flug til Ibiza en á ekki að hefja danskennslu fyrr en eftir fjórar vikur. Hann notar tímann til að skemmta sér og eftir þrjár djús- og djamm vikur þá rekst hann aftur á sömu senjórítuna en að þessu sinni á El Strító. Þau ákveða að hittast og borða saman en það þróast útí eldheitt ástarsamand og endar með hjónabandi. Eftir 5 ár í hjónabandi þá fær Andrés svo mikið ógeð að hann flýr land og kemur til Íslands. Hann flyst í sveit og giftist heimasætu af bæ einum þar í sveit og þaum lifa hamingjusöm til æviloka.

**Andrés Magnús Eggertsson:** Eftir að útskrifast úr FS liggur leið hans í Tölvuskóla Íslands þar sem að hann útskrifast sem tölvunnarforritarafræðingur með meiru og honum býðst staða hjá Grunnskóla Sandgerðis sem tölvufræðslukennari. Andrés hugsar með sér: Heima er best og hann hendist til Sandgerðis í einu hendingskasti. Þegar þangað er komið þá fer Andrés að svipast um eftir maka og lærir það að aldrei á að leita langt yfir skammt því hann finnur hana í næsta húsi. Hver er það? Já hugsiði nú. Miðtún1. Þau taka saman og eftir ár þá þá eru þau gift og eiga von á barni.

**Ari Kristjánsson:** Einn góðan veðurdag þá vaknar Ari með þá flugu í hausnum að hann vilji gerast verslunarstjóri. Svo hann drífur sig í Kasko og sækir um. Hann fær vinnu við að raða í poka og fílar það í botn. Eftir viku er hann kominn í stöðu kassadömu og vikuna eftir það þá fær hann stöðuhækkun og verður yfirkassadama. Svona gengur þetta í nokkrar vikur þangað til að Ari er orðinn verslunarstjóri. Hann leggur allt sparikaupið sitt til hliðar og lifir bara á hrísgrjónum þannig að eftir nokkur ár þá kaupir hann Kasko skírir hana upp á nýtt og kallar hana "ÉG".

**Astrid Lísa Ingvadóttir:** Hún á eftir að klára framhaldsskóla og svo veit hún ekkert hvað hún á að gera en svo einn morguninn þegar hún er að borða morgunmat þá ákveður hún að drífa sig í næringafræði. Hún klárar það og svo veit hún ekkert hvað hún á að gera en einn morguninn þegar hún er borða morgunmat sem henni finnst alveg ferlega vondur þá ákveður hún að framleiða nýjagerð af morgunkorni og hún gerir það og kallar kornið Scan Jet.....

**Árni Þór Rafnsson:** Þegar hann er eitt skiptið að keppa í Boccia þá er þar staddur í íþróttahúsinu fyrrverandi heimsmeistari í Boccia og býður honum að keppa í heimsmeistarakeppni og gerir hann það. Hann kom, sá og sigraði og varð margfaldur heimsmeistari í Boccia. Eftir heimsmeistaramótið hittir hann draumadísina sína og verða þau afar ástfangin hvort að öðru.

**Ásta Rós Reynisdóttir:** Hún Ásta Rós á eftir að auka grettur sínar og eftir langan tíma fyrir framan spegilinn finnur hún grettu sem er alveg einstaklega viðbjóðsleg. Henni dettur í hug að koma sínu einstaka fési á framfæri og kemur mynd af því á uglypeople.com og vinnur titilinn the moste amazing face on earth. Eftir að hafa unnið þaennan stóra titil var henni boðið í "after party" á Brodway og þar hittir hún Tom Green og þau verða afar ástfangin og slítur hann sambandi sínu við Drew Barrymore og giftist Ástu Freak! J

**Bolli Thor Bollason:** Eins og allir vita þá er Svarti Sauðurinn líf hans og yndi svo að Bolli ákveður að gera þetta að ævistarfi sínu. Hann ekur alla hina strákana á 10 ára afmæli félagsins. Hann hringir svo í Jhonny Knoxwill og býður honum að vera með. Hann kaupir húsið af mömmu sinni og pabba og flytur inn og stuttu seinna þá kemur Jhonny og co til landsins. Þeir gera allt vitlaust og að lokum fer það svo að Sigurður bæjastjóri verður að senda herin á þá. Þeir gefast upp og verða sendir á Klepp þar sem gamall vinur Bolla tekur á móti þeim.

**Bragi Snær Ragnarsson:** Hann á eftir að kaupa alla Esso keðjuna vegna þess að honum finnst þeir ekki selja nógu flott sólgleraugu. Hann kaupir ekkert Guggi drasl heldur bara svona blá og soldið speisuð gleraugu. Smekkur hans verður frægur um alla veröld og fólk mun flykkjast að til að kaupa gleraugu af Braga.

**Einar Sigurbjörn Kristjánsson:** Einar á eftir að gera hreint ótrúlega hluti í tónlistariðnaðinum og ákveður að gerast umboðsmaður hjá Dolly Parton. Hann mun verða ótrúlega hrifinn af klæðnaði hennar að hann fellur kylliflatur fyrir henni og gengur á eftir henni með grasið í skónum þangað til að hún ákveður að skilja við manninn sinn og giftist Einari. Þau syngja saman á dúett og hann fer "Straight up" á öllum vinsældarlistum en lagið var kallað "A new teenageboy in town".

**Fríða María Ólafsdóttir:** Vegna þess hversu oft Fríða María hefur lýst því yfir að henni sé alveg mökk sama um framtíð sína þá endar hún á Hóteli mömmu og fer ekkert út nema nauðsynlegt sé. Hún uppgvötar gildi lífsins heima í stofu á meðan að hún horfir á auglýsingar en það er að hennar mati að "ekki sækja meðan að þú getur fengið sent" . Og það gengur svo sannarlega eftir. Einn góðan veðurdag meðan hún er að horfa út um eldhúsgluggann þá sér hún þennan yndisfríða karlmann úti á göngu og allt í einu þá fær hún áhuga á framtíð sinni. Hún verður fyrir því láni að rekast á hann á meðan hún var að sópa stéttina og þau fella hugi saman og þið vitið hvernig þetta fer.

**Guðmundur Jónas Guðmundsson:** Einn dag þegar Jónas er staddur uppi í sjoppu að kaupa sér kók(hvað annað?) þegar hann rekur augun í auglýsingu á happaþrennum. Hann áveður að sleppa kókinu og kaupir sér happaþrennu ó staðinn. Honum finnst svo helvíti gaman að skafa svo að hann kaupir sér aðra og adra og fleiri svo að lokum þá vinnur hann tvær milljónir. Hann gerir svoldið sniðugt og fjárfestir í stóru fyrirtæki sem verður svo stærra og stærra og Jónas verður alger milli.

**Hafsteinn Alexander Marteinsson:** Hann Haddi hefur alltaf verið mjög hjartagóður og eftir að margar stelpur eru búnar að segja honum upp á þeim forsendum að hann sé of góður og væminn þá ákveður hann einn daginn að bjóða sig fram í hjálparstörf. Hann verður sendur á Klepp vegna þess að þar vantar starfsfólk.Honum fellur mjög vel við alla þá sem eru inni á Kleppi og eftir nokkur ár þá lætur forstöðumaður Klepps af störfum og Haddi tekur við af honum. Einn dag þá fær hann óvænta sendingu því þar er kominn gamall félagi hans hann Bolli. Haddi á eftir að ganga af göflunum því Bolli reynist mjög erfiður sjúklingur svo að á endanum þá verður Haddi lagður inn í stað þess að leggja inn.

**Halldór Berg Harðarson:** Hann Halldór ákveður með sinni snilligáfu að fara á Alþingi til að fá útrás fyrir röflþörf sinni.Hann gengst í lið með vinsri-grænum því hann dáist að ljótum orðsöfnuði Steingríms J. Sigfússonar. Hann beytir sér fyrir lægra verði á forsíðum á skólablöðum en verður sú tillaga felld með hraði á Alþingi. En þið vitið hvernig hann Halldór er hann sættir sig ekki við að vera neitað svo hann rýkur af Alþingi í þvílíkri fýlu og gerist hundahótelsrekstrarstjóri á Hafurbjarnastöum.

**Helena Sirrý Pétursdóttir:** Verður valin. hár heimsinns 2010.Þar sem hún hefur verið með flottar hárgreiðslur undafarinn ár. En svo mun hún ekki takka bílpróf vegna þess að hún nýtir sér að vera á rúntinnum með bróður sínum.Svo á eldri árum mun hún vera formaður Rauðakross Íslands vegna þess að henni gekk svo vel á skyndihjálpanámskeiði sem hún fór á og mun hún fara oft til útlanda til að hjálpa hungruðu fólki á allri jörðinni.

**Helgi Karlsson:** Helgi á eftir að leika í Húsinu á sléttuni en samt mun hann vera menntaður læknir. Áður en Helgi lék í húsinu á sléttuni var hann læknirinn sem Hrafnhildur hitti á Slysavarðssrtofunni. Hann mun eignast 4 börn og öll með Hrafnhildi. Samt sem áður mun hann vera mjög góður í fótbolta og hann mun komast á óskalista Barcelona, Juventus, Arsenal og Arsenal bíður í hann og hann ákveður að fara þangað og mun hann búa þar restina af æfi sinni.

**Helgi Rafn Guðmundsson:** hann mun verða ólympíumeistari árið 2004 en hann mun hætta í Tae kwon do eftir Ólympíuleikana vegna þess að hann mun vera settur í ævilangt bann vegna kókdrykkju. Eftir það mun hann snúa sér að Rapptónlist og stofna rappband sem mun nefnast 104 Dalmatíuhundar.

**Hrafnhildur Skúladóttir:** Þar sem hún er svo mikill hrakfallabálkur þarf hún að legjast svo oft inná sama sjúkrahúsið svo oft að hún kynnsist æðislegum lækni og giftist honum svo hún geti fengið heimahjúkrun. Hún opnar gleraugnaverslunakeðju sem mun ná um allan heim. Hún mun kaupa Warner bros fyrirtækið og mun halda áfram framleiðslu á Looney Tunes þáttaröðinni.

**Ívar Aron Hinriksson:** Ívar verður svarari í síma trúnaðarlínunnar og mun hjálpa mörgum unglingum í sínum vandamálum. Eftir tvö ár í þessu starfi mun hann gefast upp á því og snúa sér að stefnumálum Alþingis. Hann mun fara á þinpalla og mun öskra orðið þingpallur.

**Jón Stefán Rúnarsson:** Hann á eftir að búa hjá mömmu sinni lengi og það eina sem hann reynir að leggja af mörkum til samfélagsins er að hann mun setja upp heimasíðu á netinu sem fræðir unga áhugamenn um það hvernig eigi að þekkja krossara og skellinöðrur í sundur. Til þess að komast inn í Gripið og Greitt lætur Jón Stéfán skrá heimasíðuna sem sér fyrirtæki og hlutafélag. Nokkrum árum seinna fær hann sent bréf heim til sín um að hann sé orðin milljónmæringur því heimasíðan hafi verið Big Hit. Ekki var það verra hugsar Jón Stefán þá.

**Lísa Stefánsdóttir:** Henni verður nóg boðið þegar hún fréttir af öllum litlu börnunum sem ganga úti án þess að hafa húfu á hausnum og vettlinga á puttunum.. Hún fer þá á Moggann og lætur ráða sig sem blaðamann. Hún einblínir einungis á það að uppfræða þjóðina um mikilvægi vettlinga og hún verður svona eins og konan í Sex and the city allir bíða eftir pistlinum hennar á miðvikudögum.

**Ósk Ottesen:** Eftir nokkra daga sull og partý að loknum grunnskóla þá fær Ósk eins konar vitrun Hún heyrir í draumi að Guð kallar á sig til að þjóna honum með því að starfa innan kirkjunnar. Hún drífur sig daginn eftir til prestsins og sækir um starf. Og viti menn draumastarfið hennar var einmitt laust, nefnilega sunnudagaskólakennari. Hgenni á eftir að gangavel í starfinu og þegar hún giftir sig þá labba inn kirkjugólfið litlar stelpur í hvítum kjólum sem syngja daginn í dag. DRAUMUR Í DÓS!!!

**Pétur Jóhannes Pétursson:** Eins og allir vita þá hefur hann ómælanlegan áhuga á spennusögum s.s. Byssan í vasanum og Hrökkbrauðið í kokinu. Hann fer því einn góðan veðurdag á umboðsskrifstofu með handrit í lúkunum sem hann hefði átt niðri í skúffu í mörg ár. Umboðsmanninum lýst svo helvíti vel á það að hann býður honum að skrifa undir samning og handritið selst í þúsundum eintaka og hann fær meira að segja Bókmennta verðlaun Norðurlanda.

**Rúnar Gissurarson:** Rúnar á eftir að búa með Jóni Þórólfi.
Þeir ættleiða barn en eftir langa baráttu við félagsyfirmálavöld þá verður barnið tekið af þeim vegna of lítillar umhyggju en það gerði ekkert til því þeir fengu sér bara hund í staðinn.

**Sigurlín Lovísa Erlendsdóttir:** Lovísa uppgvötar fegurð heimsins í vetrarklæðnaði. Þar sem hún er að labba niður Suðurgötuna þá dettur hún á hausinn og þegar hún vaknar aftur þá er hún með þá flugu í hausnum að skella sér í Fatahönunnarskíla Íslands. Þar velur hún sem aðalfag vetrarfatahönnunn og sem sérgrein úlpu- og kraftgallasaum því hún vill koma því á framfæri við heiminn að kraftgallar eru ekkert svo ljótir. Og viti menn henni tókst það og árið 2020 þá verða kraftgallar í tísku, rétt eins og Lovísa vill hafa það.

**Sigurpáll Árnason:** Hann hittir draumaprinsessuna strax að loknum framhaldsskóla og hugsar með sér til hvers að lifa ef ekki fyrir ástina, soldið væmið en svona er þetta. Hann giftist ungur og eignast börn en þegar hann er orðinn þrítugur þá eru flestir jafnaldrar hans að stofna fjölskyldur en þá er hann kominn með

tengist smábörnum. Hann strýkur að heiman og slæst í för með rokkhljómsveit sem kallar sig Edit. Þeir gera garðinn frægan og gera meðal annars byltingu sem mun breyta viðhorfi heimsins til rokks FOREVER!!!!!!! Hei en ekki gleyma að ímynda ykkur Sigurpál í leðurbuxum með úfið hár! hehe

**Sveinn Ingi Ástvaldsson:** Vegna þess hve oft hann Svenni hefur lýst því yfir hvað hann er áhugalaus á Danmörk, Dönum, dönsku og öllu sem því tengist ákveður hann að fara til Danmerkur á tónleika með Svölu Björgvins sem var að spila á Hróaskeldu. Eftir tónleikana sér hann mikið eftir því að hafa ekki tekið samrænt próf í dönsku og drífur sig þá á kvöldnámskeið í dönsku og þar er dönskukennari sem við getum ekki talið beint fallegan en þrátt fyrir það fellur hann fyrir henni í orðsins fillstu merkingu, því á leið í tíma hann fellir hann sig á þröskuldinum og dettur fyrir framan lappirnar á henni og hún vorkennir honum svo að hún býður honum í "rød grød med flude" og þau ákveða af hefja sambúð og endist hún "for hele lifstiden".

**Veigar Þór Gissurarson:** Á eftir að lenda í furðulegustu hlutum af öllum. þegar hann er eitt sinn að labba Suðurgötuna þá dettur honum í hug að gera eitthvað sniðugt sem fáir karlmenn hafa reynt. Hann hugsar sig lengi um og loksins dettur honum í hug það starf sem hann vill vinna við að eilífu. Hann fer til Rósu Möggu og biður hana að kenna sér að plokka augnabrúnir: Andlitið dettur svo næstum af öllum Sandgerðingum þegar þeir sjá Veigar auglýsa nýja snyrtistofu sem sérhæfir sig eingöngu í að plokka augnabrúnir.

**Vigdís Pála Þórólfsdóttir:** Eftir 15 febrúar árið 2002 þá ákvað Vigdís að labba upp og niður tröppurnar í skólanum í 10 ár því hún heldur því fram að hún léttist um 10 kíló á því en árið 2012 kemur það í ljós að hún hafi ekkert léttst um 10 kíló. Hún ákveður að stefna Grunnskólanum fyrir að vera með tröppur, sem maður brennir ekkert á að labba upp og niður í 10 ár. Hún vinnur málið og fær í leiðinni brennandi áhuga á lögfræði en það var nú eiginlega bara vegna þess að lögfræðingurinn var svo sætur. Hún útskrifast úr háskólanum og setur á legg sjóð sem styrkir alla þá sem hafa lent í því að labba upp tröppur í 10 ár án þess að brenna neitt.

**Þórir Sævar Kristinsson:** Hann á eftir að fá mikinn áhuga á hári því að hann greiðir sér örugglega á hverjum degi. Hann ákveður að fara í skóla og læra hárgreiðslu. Hann gerir það og útskrifast og stofnar eiginn hárgreiðslstofu. Hann fær ógeð af öllum þessum hársnyrtivörum sem eru á markaðinum svo að hann fer að hanna eiginn línu. Hún verður geysivinsæl og hann verður gegt ríkur. Þegar hann loksins finnur draumaprinsessuna sina þá dettur honum í hug að hanna eigið hús. Þar sem að hann er orðinn fokríkur hárgreiðslumaður þá hannar hann sér flott og dýrt hús sem verður í laginu eins og gelklessa.

**Ævar Örn Einarsson:** Hann Ævar er ekki sáttur við að allir skuli vera hættir að ganga í skopparatískunni svo að hann leggst í dvala og bíður eftir að tískan komi aftur því að hún kemur alltaf aftur. Þegar hún gerir það loksins aftur þá er Ævar orðinn fimmtugur og virkilega loðinn eftir að hafa legið undir sæng og safnað skeggi í 35 ár og hlustað allan tíman á tölvutónlist. Hann fer út á meðal fólks í gömlu fötunum og núna fellur hann algerlega inn í hópinn. Flott hjá honum.

## Gula Pressan

Heyrst hefur að Helgi hafi keypt sér stífara gel sem helst a.m.k í 2 daga.

Heyrst hefur að Svenni ætli að hætta að nota regluna ég, um mig, frá mér, til mín og byrja að nota reglunna þú, um þig, frá þér, til þín.

Heyrst hefur að Aron Viðars hafi ákveðið að hætta að frussa þegar hann talar og ákveðið að byrja á því að hrækja þegar hann talar.

Heyrst hefur að Siggi Jóns ætli að hætta að spila golf og fara að lifa sig inn í sögu veraldar.

Heyrst hefur að Agnes hafi sagt Alberti upp því hana langaði til að vera á lausu, svo hún gæti talað við strákana sem eru hrifnir að henni.

Heyrst hefur að Beggi sé kominn með ógeð á Veigari.

Heyrst hefur að Hildur Ársæls ætlar að kaupa tonn að brúnkukremi fyrir ferminguna.............. það er að segja ef hún fermist.

Heyrst hefur að Ómar hafi verið á fjölþrautakvöldi og smakkað hrútspunga og ætli framvegis að hafa hann alltaf í morgunmat.

Heyrst hefur að skólaliðar Grunnskóla Sandgerðis ætli að hætta störfum vegna slæmrar hegðunar eldri bekkkinga.

Heyrst hefur að Ágúst ætli að breyta inniskóm í hafnaboltakylfu.

Heyrst hefur að Guðbjörg kennari ætili að skipta um stíl og fara að ganga í skoppara buxum.

Heyrst hefur að Kalli sofi í skærbleikum náttfötum sem eru þakin litlum rauðum hjörtum.

Heyrst hefur að Halldór Berg sé kominn með ógeð á að vera alltaf á heimspekilegu nótunum og ætli að gerast venjulegur unglingur.

Heyrst hefur að 9. bekkur ætli að gefa út aðra ljóðabók og kalla hana Gunnar.

Heyrst hefur að það eigi að fara að stofna Tae Kwon Do félag í Sandgerði því að hálfur bærinn sé kominn í þessa íþrótt.

O'NEILL

Sport- og barnaföt

ÓSKAR
Sport og barnaföt

Vertu með í O'neill í sumar. Sumar sendingin komin.

**Nafn:** Pétur Jóhannes Pétursson
**Fæðingarár/dagur:** 13.01.86.
**Uppáhalds hljómsveit:** Engin sérstök
**Uppáhalds matur:** Hamborgari
**Uppáhalds drykkur:** Coke
**Íþrótt:** Akstur
**Fótboltalið:** Man U
**Lag:** Mörg
**Leikari:** Tom Cruse
**Bíómynd:** Driven
**Sjónvarpsþáttur:** Enginn
**Draumaprins/essa:** Engin sérstök
**Draumahús:** Einbýlishús
**Draumabíll:** Ferrari
**Besti vinur/vinkona:** Robbi
**Fyrirmynd:** Kane
**Áttu gemsa:** Já
**Meata prakkarastrik:** Mörg, man ekki neitt
**Besta sem þú veist:** ÉG
**Neyðarlegasta sem þú hefur lent í:** Tívolíbomba sprakk við hliðina á mér
og það kviknaði í mér
**Mottó:** Ekkert

**Nafn:** Auður Erla Bjarnadóttir
**Fæðingard/ár:** 23. sept. 1987
**Uppáhalds hljómsveit:** Westlife
**Uppáhalds matur:** Pizza
**Uppáhalds drykur:** Fresca
**Íþrótt:** Fótbolti
**Fótboltalið:** Manchester United
**Lag:** Veit ekki
**Leikari:** Freddi Prinse Jr.
**Bíómynd**: Pearl Habor
**Sjónvarpsþáttur:**Friends
**Draumaprins:** Brad Pitt
**Draumahús:** Ekki hugmynd
**Draumabíll:** Nýjasta bjallan
**Besti vinur eða vinkona:** Agnes og Ásdís
**Fyrirmynd:** Engin sérstök
**Áttu gemsa:** Já
**Mesta prakkarastrik:** Veit ekki
**Besta sem þú veist:** Að sofa út
**Neyðarlegasta sem þú hefur lent í:** Hef ekki hugmynd
**Mottó:** Ekkert

## Botnlanginn

Hér er ljóð um ljóð,
orðahlátur, orðagátur.
Grasið fór til grasa
og botnlanginn þess virði er

Ástrós, Lóa, Ásdís, Kamilla.

## Leeds brandari

Þannig var að formaður Man.United og formaður LEEDS UNITED dóu báðir sama
dag og fóru þeir báðir til himnaríkis.Þegar þangað var komið þá tók guð á móti þeim og fór hann fyrst með formann Man.United að húsinu sem að hann átti að búa í. Þetta var lítið hús með flaggstöng úti í garði með Man.United fánanum á. En þegar Man.United formaðurinn fór að líta í kringum sig þá sá hann að aðeins lengra í burtu stóð hús sem var að minnsta kosti 10 sinnum stærra og var það þakið LEEDS fánum og voru öllum gömlu
LEEDS -leikmönnunum raðað þar fyrir utan við langan stíginn að húsinu. Hann varð mjög fúll að sjá þetta og snéri sér að guði og spurði, hvernig stendur á því að ég fæ þetta litla hreysi hér og formaður LEEDS fær þetta stóra flotta hús? Þá leit guð á hann hneykslaður og svaraði, þetta er ekki húsið hans þetta er húsið mitt.




HAFNARGÖTU 5 SANDGERÐI SÍMI 423 7377

**FRÍ HEIMSENDING ALLA DAGA EFTIR KL:17**

Viðtal við Erp Eyvindsson Rottweiler hund!

*Hvernig hófst þinn frægðarferill?*
Í stúlknakór Langholtsskóla árið sem ég fermdist var ég fengin til þess að syngja með þeim messósópran á Sunnundögum. Eiginlega má segja að þaðan hafi leiðin aðeins legið upp á við.
*Var ætluninn alltaf að rappa?*
Eftir að þú byrjar einu sinni að rappa þá geturðu ekki hægt... Kannski má segja að ég hafi allvegna ætlað að nýta mér þá sönghefð sem hafði myndast meðal afríkanskra ameríkana í Harlem til þess að bera nýja og ferska strauma inn í íslenskt tónlistarlíf... Þá lá rappið beinast við, sko.
*Hvernig varstu sem unglingur?*
Það var erfitt að alast upp í gettóinu, Árbær var enginn leiksskóli. Maður beið stundum í margar mínútur eftir strætómiða og stundum voru þeir ekki einu sinni til! Ég fór senmma í klíku, lenti ekkert akktof góðum félagsskap því þetta var glæpaklíka, alræmd fyrir bjölluatin og fór maður ekkert varhluta úr því skal ég segja þér...
*Varstu ekki góður teikna, ég hef séð sögur eftir þig í Blek?*
Jú ég get teiknað... Það er graffitið maður, maður krotandi allskionar myndir á Breiðholtsbílskúranna með löggurnar á hælunum. Maður kynnti mörgum alvöru listamönnum sem kenndu mér allt sem ég kann, eins og til dæmis Sigga Byssu, Gunna Tott og Frikka Svarta.
*Hvernig kom hugmyndin um Johnny Naz?*
Þessi persóna var fyrst ekki neitt í gríni, heldur var það það að í klíkunni var ég alltaf kallaður Johnny niceboy, maður setti sig í stellingar Johnnys Niceboy, kunni allt slangrið og atferlið. Einn daginn þá gleymdi ég mér í hlutverki Johnnys Niceboy og fór svolleiðis í skólann, krakkarnir héldu að ég væri grínast og fundust þetta bráðfyndið. Svo ég sá það fyrir mér, auðvitað! Johnny Niceboy er framtíðinn mar, þar eru peningarnir.
*Hvað er í gangi núna?*
Við í Rottweiler (sem er að meginhluta sömu gæjarnirög í gömlu glæpaklíkunni) erum bara að lifa á okkar skjótfengna gróða, chillum með pizzur í annari og hljóðneman að búa til nýtt rapp í hinni. Svo er maður alltaf að spila á tónleikum, kynnast nýju fólki og svona.
*En hvað er ætlunin að gera í framtíðinni?*
Sko, framtíðarplanið var alltaf að græða fullt af peningum og chilla síðan bara til dauðadags. En núna hef ég þroskast og vil eitthvað meira út úr lífi mínu...Ég hugsa að eftir að við höfum grætt fullt af peningum þá opni ég skóbúð eða eitthvað.
*Hver eru helstu áhugamál þín fyrir utan tónlist?*
Ég er listamaður í eðli mér og fæst við allt listrænt, Actionman-skúlptúra og sona. Þegar ég er ekki að dunda mér þá er ég góður við stelpur, kannski má segja að stelpur séu svona einkurskona áhugamál hjá mér.
*Hvernig finnst þér að stelpur eigi að vera?*
Hey, veist þú hvað finngálgn er?, nei?... Ok, svoleiðis eiga stelpur ekki að vera.
*Hver er uppáhalds hljómsveitin þín?*
XXX Rottweiler og Greifarnir
*Að lokum, hverju ráðleggur þú krökkum sem vilja að rappa?*
Að læra öndunaræfingar Yoga, það liðgar raddböndin.

## Kosningar 2002

Ungfrú Sandgerðisskóli: Ásta Rós Reynisdóttir 10.RÖJ

Herra Sandgerðisskóli: Bolli Thor Bollason 10.RÖJ

Hár ársins: Helena Sirrý Pétursdóttir 10.RÖJ

Bros ársins: Sigmar Þór Hjálmarsson 9.ESG

Kroppur ársins: Guðjón Mikael Bollason. 8.ÞBT

EGÓ ársins: Sveinn Ingi Ástvaldsson 10.RÖJ

Félagsvera ársins: Sigmar Þór Hjálmarsson 9.ESG

Dúlla ársins: Árni Þór Rafnsson RÁS RG

Frekja ársins: Katrín Pétursdóttir 9.ESG

Gúmmígella: Hildur Ársælsdóttir 8.ÞBT

Gúmmígæi: Guðjón Mikael Bollason 8.ÞBT

Kynþokkafyllsta gellan: Ásta Rós Reynisdóttir 10.RÖJ

Kynþokkafyllsti gæinn: Bolli Thor Bollason 10.RÖJ

Íþróttafrík ársins: Helgi Rafn Guðmundsson 10.RÖJ

Fjörkálfur: Veigar Þór Gissurarson RÁS RG

Hrakfallabálkur Hrafnhildur Skúladóttir 10.RÖJ

Athyglissjúkasta manneskjan: Guðjón Mikael Bollason 8.ÞBT

Hlátur ársins: Margrét Sveinsína Matthíasdóttir 9.ESG

Vinsælasta manneskjan: Veigar Þór Gissurarson RÁS RG

Furðulegasta manneskjan: Halldór Berg Harðarson 10.RÖJ

Fatafrík: Katrín Pétursdóttir 9.ESG

Gáfnaljós: Halldór Berg Harðarson 10.RÖJ

Félagsskítur: Pétur Jóhannes Pétursson 10.RÖJ

Leikari ársins: Veigar Þór Gissurarson RÁS RG

Brandaralkarl ársins: Karl Gunnarsson RÁS ÁG

Ljóska ársins: Margrét Bjarnadóttir 9.ESG

Augu ársins: Dircelene Gomes Almeida

Kennarasleikja ársins: Elín Birna Vigfúsdóttir 9.ESG

Glenna ársins: Helena Sirrý Pétursdóttir 10.RÖJ

Rödd ársins: Ásta Rós Reynisdóttir 10.RÖJ

# Támína

Það var einu sinni lítil stelpa sem var að labba á Suðurgötunni en hún var einmitt á leiðinni á opið hús uppi í Skýjaborg. Þessi litla stelpa var 13 ára þegar þetta gerðist en í dag er hún 14 ára og hefur ákveðið að deila með okkur sögu sinni því þetta hefur breytt framtíð hennar til mikilla muna.

Þar sem hún var að labba þarna á Suðurgötunn eins og áðan kom fram þá kemur hún auga á þennan fallega fótbolta en hún hafði alltaf haft áhuga á því fyrirbæri. Þar sem það var vetur þá varð hún mjög hissa á því að það skyldi vera fótbolti úti á götu svo að hún labbaði að honum og sparkaði í hann. En það var ekki allt sem sýndist því að undir þessum fallega fótbolta var stór klakaköggull og þegar hún sparkaði í köggulinn þá tábraut hún sig.

Og rétt í því þá kom svartur sportbíll á fleygiferð og skransaði rétt fyrir framan hana og út úr bílnum kom náföl kona klædd í hvítan pels af ísbirni og í klakastígvélum. Hún gekk hægt upp að stelpunni og steig á hárið á henni þar sem hún lá á jörðinni og þá komu átta karlmenn út úr bílnum. Þeir voru klæddir í lendarskýlur úr loðfeldi og í staðinn fyrir hár þá stóðu grýlukertin upp úr hausunum á þeim. Þeir báru stelpuna inn í bílinn og komu henni harkalega fyrir í aftursætinu.

Þegar þau voru komin út úr bænum þá setti klakakonan bílinn á sjálfstýringu og sneri sér að stelpunni sem við skulum nú byrja að kalla Támínu héðan í frá og sagði henni að þau ætluðu að fara til klakahallarinnar hennar og hún ætlaði að drepa Támínu til að taka hjartað úr henni. Támína varð hissa og spurði hvað hún ætlaði að gera við hjartað úr henni og þá sagði klakakonan henni að hana vantaði hjarta úr saklausri stelpu til að setja í sjálfa sig svo að hún gæti giftst ungum manni sem átti mikið af peningum en hann vildi ekki giftast henni því að hún væri svo harðbrjósta enda hefði hún ekkert hjarta heldur klaka í staðinn. Og það sem klakakonan ætlaði þá að gera var að skipta við támínu um hjarta og þá myndi ungi maðurinn giftast henni en hún ætlaði svo að skilja við hann og komast yfir alla peningana hans.

Þegar þau voru búin að keyra í langan tíma þá komu þau loksins að fjalli og klakakonan fór út og bankaði þrisvar á fjallið með staf sem hún hafði í hendinni. Eins og hendi væri veifað þá opnaðist fjallið og konan steig aftur upp í bílinn og keyrði inn í fjallið. Þau keyrðu í smá tíma og þá sáu þau í stóra og grimmilega klakahöll og Támína hugsaði með sér að þetta hlyti að vera klakahöll klakakonunnar.

Þau fóru öll inn og einn þjónanna tók harkalega í Támínu og fór með hana inn í lítinn fangaklefa. Þar inni var dimmt og kalt eins og í allri klakahöllinni og Támína sá varla í sinn eigin þumalfingur. Þegar augu hennar fóru að venjast myrkrinu þá tók Támína eftir einhverri hrúgu úti í einu horninu. Hún var rosalega forvitin og mjakaði sér hægt að hrúgunni og hnippti í hana. Og viti menn hrúgan hrökk í kút og í ljós kom fölt og grannt andlit og um það fóru hungurviprur. Hún fór að tala við hrúguna og komst að því að þetta var strákur sem klakadrottningin hafði reynt að ná hjartanu úr en það hefði ekki verið nógu gott því hann var strákur. Támína spurði hann hvort að hann hafði einhvern tíman reynt að sleppa og strákurinn sem hét Elvar sagði henni að eina leiðin til að komast burt væri að rata í gegnum völundarhúsið sem lá út úr klefanum en það hefði engum tekist og um leið benti hann á beinahrúgu út í horni. Það fór hrollur um Támínu um leið og hún sagði að hún væri meistari í völundarhúsalausnum.

Þau flýttu sér í að koma sér í burtu og áður að langt um leið þá voru þau komin út úr klakahöllinni og þau flýttu sér heim til Sandgerðis og hringdu í lögregluna til að láta taka klakakonuna fasta. Þegar lögreglan kom á staðinn þar sem fjallið átti að vera þá var allt horfið og það hefur aldrei sést aftur en hver veit hvar klakakonan stingur upp hausnum aftur í leit að nýju hjarta? Kannski heima hjá þér!!!!

Höfundur: Welma Gwendoline

(Byggt á skelfilegri lífsreynslu þeirri er Welma varð fyrir hér í Sandgerði fyrir ekki svo löngu.)

Vissir þú...

...að það er ekki hægt að sleikja á sér olnbogann

...að kýr framleiða meiri mjólk ef þær hlusta á tónlist.

...að fullnæing svína stendur yfir í allt að 30 mínútur.

...að krossfiskar hafa engan heila

...að meðalfíll skítur 150 kílógrömmum á einum degi.

...að mannfólkið vill frekar horfa á annað fólk með vinstra auganu.

...að mannfólkið er miðjuleitandi. Ef þrjú klósett eru hlið við hlið þá velur meirihluti. mannfólksins klósettið í miðjunni.

...að grænmeti eykur framleiðslu metangass í meltingarfærum. Þeir sem borða mikið grænmeti reka meira við en aðrir.

...að með 3,6 sekúnda millibili deyr einhver úr hungri.

...að einungis var hringt í 22 mínútur á síðasta ári til landsins Aserbaidsjan.

...að það er gull í tánöglunum.

...að þeir sem hrjóta valda fleiri umferðarslysum en aðrir.

...að karlmenn blikka augunum oftar en konur.

...að á Ítalíu eru 25,6 miljónir síma. Þar eru líka 17 miljónir sjónvarpa og 45,7 miljónir útvarpa.

...að fyrsta reiknivélin var gerð 1642 af franska stærðfræðingnum Blaise Pascal.

...að það var bannað að nota orðið hommi í ríkisútvarpinu þangað til árið 1985.

...að samkynhneigð var einu sinni á lista yfir sjúkdóma hjá alþjóða heilbrigðisstofnuninni.

...að hryggdýr geta líka verið samkynhneigð.

... að 75% þeirra sem lesa þetta reyna að sleikja á sér olnbogan!J

**Hver er hetjan þín?**
Hannes Arnar 9.bekk.: Helgi Rafn.
Ásdís 9. bekk.: Katrín Péturs.
Gísli 8. bekk.: Jhonny Knoxwill.

**Sefurðu í náttfötum?**
Hildur Mekkín 9. bekk.: Stundum.
Sigmar 9. bekk.: Neibb.
Haddi 10. bekk.:Neei.

**Hvað ætlarðu að gera í sumar?**
Árni Þór 10. bekk.: Ég ætla að vinna.
Aron V. 8. bekk.: Fara í fótbolta skóla í Manchester.
Garðar 9.bekk.: Fer að vinna og spila tölvu.

**Áttu síma? Hvernig?**
Sigurbjörn 8. bekk.: Já, ég á 3210
Ari 10. bekk.: Já, 3210
Stefán 9. bekk.: Já, 3310

**Hvernig fannst þér jólablaðið?**
Hrefna 8. bekk.: Bara alveg ágætt.
Helgi Þór 8. bekk.: Það var frábært.
Bolli 10. bekk.: Það sökkaði feitan hamstur því það var ekkert um mig (annars man ég ekkert mikið eftir því)

**Hvað er undir rúminu þínu?**
Helena Sirrý 10. bekk.:Drasl.
Albert 10. bekk.: Drasl, myndir, moppa og ryk.
Agnes 9. bekk.: Ekkert.

**Hvað sendirðu mörg sms á dag?**
Fríða María 10. bekk.: Fyrir svona 400 kr.
Aron R. 8. bekk.: Svona 10-11.
Helgi K. 10. bekk.: Það er misjafnt. Svona 10

## Grein frá blaðanefnd.

( Lesið þetta!)

Við í blaðanefnd áakváðum að skrifa eina stutta og sæta grein þó aðalega útaf því að það vantaði efni í blaðið en líka vegna þess að við vildum deila með ykkur hugsunum okkar sem streymdu inn í hugi okkar á meðan að við bjuggum til þetta blað sem hefur verið ómissandi á hverju ári bæði á jólaskemmtunum og árshátíðum.

Núna er það vaxandi vandamál að það vantar alltaf efni í blaðið og sumir krakkar eru haldnir þeiri ranghugmynd að blaðanefnd eigi bara að gera blaðið og þeir sem eru í þeirri nefnd eigi bara að búa það til og þeir sem eru ekki í þeirri nefnd eigi einungis að lesa það en svo er ekki. Þetta er blað allra í skólanum og það er öllum velkomið að senda inn það efni sem þeir hafa verið að vinna því að 10 einstaklingar geta ekki gert þetta allt einir. Já en svoina er þetta og við vonum að þetta fari batnandi á næsta ári. En allavega þá er nóg komið af röfli.

Það er okkur efst í huga að fá að koma því á framfæri að eins og til dæmis framtíðarspáin um 10. bekk er bara grín og margt fleira og við vonum að þið takið þessu ekki alvarlega en allavega þá vonum við að þið skemmtið ykkur súper dúper mega vel í kvöld og dansið undan ykkur skóna og líka að þið njótð blaðsins sem er það flottasta EVER( nema

Pick up línur

1. Ertu upptekin í kvöld ... svona um þrjú leytið?
2. [Þegar hún er að fara] Hey .. ertu ekki að gleyma einhverju? Hún: Hverju? Þú: Mér!
3. Bond, James Bond
4. Geturðu lánað mér tíkall? Ég þarf nefnilega að hringja í mömmu þína og þakka henni fyrir að hafa fætt þig.
5. Var það sárt? Hún: Var hvað sárt? Þú: Þegar þú féllst ofan af himnum.
6. Kemurðu oft hingað? [klassísk lína]
7. Hæ, ég þjáist af minnisleysi ... kem ég hingað oft?
8. Ertu nokkuð með kort á þér ... ég týnist nefnilega alltaf í augunum á þér.
9. Ekki pæla í því. Ekkert sem þú hefur gert áður skiptir máli. Það eina sem skiptir máli er að við erum saman núna.
10. Hæ, ég er þjófur og er kominn til að ræna hjarta þínu.
11. Heiiii .. það var einhver að reka við ... komum okkur.
12. Hvernig var himnaríki þegar þú skildir við það?
13. Ég á aðeins þrjá mánuði eftir ólifaða
14. Ég hlýt að vera villtur, ég hélt að paradís væri lengra í suður!

## 10 leiðir til að pirra kennara

1. Snúa baki í þá þegar þeir eru að tala.
2. Svara alltaf með "hai".
3. Skilja alltaf eitthvað eftir heima (nema að Einar Sveinn sé að kenna þá virkar það ekki :) ).
4. Ef þið eruð í tíma hjá Elínu þá skuluði segja oft " megum við fara heim?"
5. Standa upp þegar þeir eru eitthvað að tjá sig.
6. Segja oft: Megum við fara heim?
7. Vera í útifötunum.
8. Skella hurðunum.
9. Vera með lappirnar alltaf uppi á borðunum.
10. Síðast en ekki síst rífið bara nógu mikinn kjaft!!

## 10 leiðir til að pirra skólaliða

1. Ekki setja skóna í hilluna.
2. Taka ryksuguna úr sambandi( sérstaklega ef Oddný er að ryksuga).
3. Henda rusli á gólfið.
4. Búta niður strokleður og henda því á gólfið.
5. Skrifa með tússi á töfluna sem er ekki hægt að stroka út.
6. Fela skúringafötuna.
7. Spora allt út.
8. Hlaupa á göngunum.
9. Skilja stofuna eftir í hassi.
10. Síðast en ekki síst rífið bara nógu mikinn kjaft!!



Við hér á Sandkorni höfum brotið þagnarmúrinn og lagt óhrædd af stað til þess að taka viðtal við:

## Árna Jónsen

*Jæja Árni, það hefur nú lítið borið á þér undanfarið, hvernig stendur á því?*
Ég vil nú helst ekkert tjá mig um það
*Er það ekki vegna þess að þú ert ótýndur þjófur og alþjóð fyrirlítur þig?*
Heyrðu nú mig... Þegar ég féllst á að vera í þessu viðtali þá lofuðu þið mér að það yrði ekki um atburði undanfarins árs heldur um frímerkjasafnið mitt fyrir frímerkjatímaritið
*Ójá...., fyrirgefðu, snúum okkur þá að einhverju almennilegu. Hefur þú notið þess að liggja á sólpallinum þínum?*
Nú því spyrðu? Annars hef ég notið þess ágætlega. Fínt fyrir fjölskylduna á heitum sumardögum, liggja í sólbaði og grilla okkur fisk...
*Já, ég vona að þú hafir notið þessa fengs, þjófur.*
Nei, nú er nóg komið, ég læt ekki tala svona við mig, það veit guð að þess þarfnast ég síst! Ég skelli bara á...
*Hvað? Hvað gerði ég, sagði ég eitthvað?*
Þú þjófkenndir mig
*En er það ekki hvort sem er satt?*
Þótt að ég gerði smá mistök þá er óþarfi að....
*Svo þú veist upp á þig sökina!*
Mig er farið að gruna að þetta sé ekki á vegum frímerkjatímaritsins.
*Segðu mér Árni, verða börnin þín ekki fyrir aðkasti í skólanum?*
Ef þú ert að tala um í sambandi við atburðina í sumar þá vil ég ekkert vera að tala um þá.
*Nei, ekki í sambandi við það, heldur hlýtur það að vera erfitt að eiga jafn þjófóttan föður, stelandi öllu steini léttara örrugglega úr herbergjunum þeirra...*
Jæja góði, ég gef þér eitt tækifæri í viðbót til þess að spyrja mig almennilegra spurninga, annars skelli ég á.
*Allt í lagi, ég skal spyrja þig einhverra spurninga sem eru málinu í sumar óviðkomandi, segðu mér Árni, hver er uppáhalds kynlífsstellingin þín?*

Árni skellir á.
Blaðamaður hringir aftur.

Halló
*Afhverju skelltirðu á mig?*
ER það nú ekki alveg á hreinu?
*Nei, ég er bara sár, ég meina þótt að þú sért voða frægur og svona þá er þú ekkert betri en ég.*
*Heldur þú að þú sért eitthvað betri en aðrir?*
Nei kannski ekki en ég ætla samt ekki að neita því að ég hef margt til brunns að bera fram yfir marga aðra.
*Þú til dæmis heldur að þú sért betri en hommar, af hverju svo? Eru ekki hommar ágætis fólk?*
Ég ólst upp við kristilegt hugarfar og legg mig í líma við það að geta uppfyllt vilja guðs og ég trúi því að hommar séu ekki guði samboðnir.
*Er til boðorð sem segir: ,,Þú skalt ekki vera hommi."*
Nei....
*En það er til boðorð sem segir: ,,Þú skalt ekki stela.", ekki satt?*
Heyrðu nú ....
*Er lagið: ,,Í kartöflugarðinum heima..." um þín æsku ár?*
Já, svona að hluta til
*ER það ekki satt að hlutfall samkynhneigðra í Þykkvabænum sé yfir meðallagi?*
Satt að segja veit ég það ekki þar sem ég hef verið búsettur í Vestmannaeyjum undanfarin ár.
*En aðhyllist þú kenningar Frauds.*
Ég svo sem hef ekkert út á þær að segja.
*Um það að mikill mótþrói gegn einhverju sé oft merki þess að fólk sé að berjast gegn einhverju sem býr í undirmeðvitundinni.*
Ég veit, kynnti mér það á menntaskólaárum mínum.
*Árni, þú ert hommi er það ekki ?*

Það er skellt á aftur.
Hringi í Arna Jónsen aftur en það er ekki svarað.

Nú hafið þið lokið við að lesa besta Sandkorn frá upphafi, við vonum svo sannarlega að þið hafið haft gaman af!

Eftirtaldir aðilar styrktu Sandkorn:

Sparkaup

Jöklaljós

Tryggingarmiðstöðin

Bæ, Bæ!




# BOGGA BAR

Sími 421 5051

Sparið ykkur biðina, hringið og pantið, pöntunin verður til þegar þú kemur. Pöntunarsími 421 5051

## Frábær kjúklingatilboð hjá okkur!

## Kjúklingabitinn á kr. 170,-

**Opið frá kl. 11-22 alla daga!**

| | |
|---|---|
| Hamborgarar | Pylsur |
| Langlokur | Naggar |
| Pítur | Samlokur |
| Steikur | Laukhringir |
| Fiskur | Ostastangir. |




**Bogga Bars biti beint í bílinn!**

# BOGGA BAR

Víkurbraut 21 - Reykjanesbæ